



Fundargerð

436. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 31. október 2019. Þetta er 9. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 11 blaðsíður.
Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.
Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnnaskrá bætist;

Fundargerð 103. fundar héraðsnefndar var auglýst sem liður 6 fundargerðir til samþykktar færist undir lið 18. **III. fundargerðir til kynningar.** Í stað komi fundargerð 104. fundar héraðsnefndar til samþykktar liður nr. 6.

I. Fundargerðir til samþykktar

6. Fundargerð 104. fundar héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 17.10.2019

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

20. 1910023 Snjómokstur á Kirkjubæjarklaustri

III. Fundargerðir til kynningar

18. Fundargerð 103. fundar héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 04.09.2019

19. Fundargerð héraðsnefnda Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 17.10.2019

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

4. september hélt oddviti héraðsnefndarfund að Skóginum. Sveitarstjóri fór á kynningu á Heilbrigðisstefnum í Reykjavík.

5. september fóru oddviti og sveitarstjóri á fund á vegum landshlutasamtakanna um 4. iðnbyltinguna á Selfossi. Sveitarstjóri átti fund með fulltrúa Landmótunar með landeigendum Hólms vegna áframhald vinnu við verndarsvæði í byggð.

6. september sóttu oddviti og sveitarstjóri aukalandsþing sambands Íslenskra sveitarfélaga í Reykjavík.

7. september kynnti oddviti vinnu sveitarfélagsins um heimsmarkmiðin á Lýsu á Akureyri.

10. september var upplýsingafundur með atvinnu- og kynningarfulltrúa

11. september átti starfshópur um heimavistarmál FSU fund með skólanefnd FSU

13. september sóttu oddviti og sveitarstjóri samráðsfund Sambandsins um heimsmarkmiðin og þann sama dag sótti oddviti umhverfismatsdaginn í Norræna húsinu.

17. september sóttu sveitarstjóri og oddviti fund SSKS í Vestmannaeyjum.

18. september sótti oddviti fund Kötlu Jarðvangs í Vik.

23. september sótti oddviti ráðstefnu um innleiðingu á stefnum í Höru (Bold Stratety Summit).

24. september sótti oddviti aðalfund Hulu sem haldinn var í Vik.

26. september var fyrsti fundur starfshóps um móttuneytismál stofnanna Skaftárhrepps

27. september var oddviti með vinnufund stjórnar SASS á hlí Laka.

30. september var vinnufundur sveitarstjórnar vegna fjárhagsáætlunar með formönnum nefnda og forstöðumönnum sveitarfélagsins.

*Ski KG
ASL*



1. október sótti sveitarstjórn fund á Dyrhólaey með þingmönnum kjördæmisins.
2. október sóttu oddviti og sveitarstjóri aðalfund jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
- 3-4. október sóttu oddviti, sveitarstjóri, Arndís og Katrín Fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna í Rvk.
4. október var fundur starfshóps um heimavist FSu með menntamálaráðherra í Reykjavík
7. október sat sveitarstjóri fund vegna viðskiptaáætlunar um þekkingarsetur.
7. október sat sveitarstjóri stjórnarfund Bergrisans bs.
8. október var annar fundur samráðshóps um skipulag landgræðslu og skógræktar í Skaftárhreppi
14. október var annar vinnufundur sveitarstjórnar vegna fjárhagsáætlunar
15. október sóttu sveitarstjóri og oddviti upplýsingafund um atvinnu- og kynningarmál
16. október sótti oddviti fund i stjórn Köllu Jarðvangs í Vik.
16. október var fundur í starfshóp um endurskoðun aðalskipulags ásamt íbúafundi
17. október sóttu oddviti og Katrín sameiginlegan fund héraðsnefnda Vestur Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu og síðan fund héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu í framhaldinu.
22. október var þriðji vinnufundur sveitarstjórnar um fjárhagsáætlun en einnig sótti sveitarstjóri stjórnarfund Bergrisans bs.
22. október sótti oddviti aðalfund félags- og skólapjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.
23. október sótti oddviti fund með fjárlaganefnd í Reykjavík.
23. október sótti oddviti og sveitarstjóri Aðalfund Bergrisans á Selfossi.
- 23.-25. október sóttu oddviti, sveitarstjóri, Bjarki, Katrín og Arndís ársþing SASS á hótel Geysi.
28. október var haldinn símafundur með landeigendum óskipts lands á Kirkjubækarklaustri
29. október sótti oddviti fund vinnuhóps sambandsins um heimsmarkmiðin.

Framundan er skólaping sambands íslenskra sveitarfélaga 4. nóvember, fundur í samráðshóp um landgræðslu og skógrækt, vinnustofa um Heimsmarkmið SP í Reykjavík 8. nóvember og símafundur með landeigendum Kirkjubækarklausturs 11. nóvember.

I. Fundargerðir til samþykktar

1. Fundargerð 41. fundar stjórnar félags- og skólapjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 22.10.2019
- 1910006 **4. Tillaga félagsmálastjóra um regluverk vegna dagforeldra á þjónustusvæði félags- og skólapjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu**
Stjórn fagnar drögum að reglum um samræmt fyrirkomulag vegna dagforeldra á félagsþjónustusvæðinu. Stjórnin leggur til að sveitarstjórnir taki tillöguna til afgreiðslu og samþykkir fyrir sitt leyti að starfsmaður félagsþjónustunnar sinni hlutverki daggæslufulltrúa. Félagsmálastjóra falið að senda erindið til sveitarstjórnna aðildarfélaga.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti.

- 19010007 **5. Fyrirspurn til Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps um aðild að fjárhagsáætlun vegna heimþjónustu fyrir árið 2020.**
Tilraunaverkefni, með sambærilegt fyrirkomulag, hefur verið í gangi í Rangárvallasýslu síðastliðin tvö ár. Árangurinn hefur verið jákvæður og framar vonum. Stjórn félags- og skólapjónustu hvetur sveitarstjórnir Mýrdals- og Skaftárhrepps að taka vel í fyrirspurnina, enda liður í samhæfðri þjónustu á félagsþjónustusvæðinu. Félagsmálastjóra falið að fylgja málinu eftir við sveitarstjórnir.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að heimþjónustan í Skaftárhreppi fari undir Félags- og skólapjónustuna.



Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

2. 1801006 Fundargerð 151. fundar skipulagsnefndar, dags. 29.10.2019

1. 1908007 Hrifunes – Breyting á skipulagi - Greinargerð.

Sigurður Garðarsson f.h Hrafnhóls ehf. leggur hér fram greinargerð vegna fyrirhugaðrar breytingar á skipulagi vegna áforma um byggingu hótel í framhaldi af kynningu þeirra Ómars Guðmundssonar f.h. landeigenda og Friðrik Friðriksson, Studio F-Arkitektum á síðasta fundi nefndarinnar þann 30.ágúst sl.

„Skipulagsnefnd þakkar fyrir innsenda greinargerð. Skipulagsnefnd óskar eftir ýtarlegri gögnum. Bent hefur verið á að um tilkynningarskylda framkvæmd er að ræða og þarf málid að fara í þann farveg áður en frekari umfjöllun getur átt sér stað í skipulagssnefnd. Afstaða til aðalskipulagsbreytingar verður ekki tekin fyrr en deilskipulags- og matslysing liggur fyrir ásamt umsögn þeirra fagaðila sem að málínu þurfa að koma.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

3. 1903003 Hæðargarður - Breyting á aðalskipulagi.

Um er að ræða tillögu að breytingu á þéttbýlisupprætti og greinargerð í samræmi við skipulagslög 123/2010. Viðfangsefni tillögunnar er, vegna skorts á íbúðarlóðum innan þéttbýlisins til lengri tíma, að gera eftirfarandi breytingu á þéttbýlinu á Kirkjubæjklaustri:

- Skilgreindur er nýr reitur fyrir verslun og þjónustu, V-10, milli þjóðvegar og fristundabyggðar F-4 í gildandi aðalskipulagi, en reiturinn liggur meðfram þjóðvegi 1 þar sem í dag er skilgreint óbyggt land.
- Norðurendi svæðis fristundabyggðar F-4 í gildandi aðalskipulagi er breytt í íbúðarsvæði ÍB-7.
- Íbúðarsvæði ÍB-6 er skipt upp í tvö svæði, ÍB-6 og ÍB-8.
- Skilmálum fyrir íbúðasvæði ÍB-6, legu og stærð er breytt, lóðum er fjölgað innan svæðisins og nýtingarhlutfall hækkað.
- Settir eru skilmálar fyrir ný íbúðasvæði ÍB-7 og ÍB-8.
- Opið svæði Ú-10 verður skilgreint á milli verslunar- og þjónustu V-10 og íbúðarsvæðis ÍB-7 og fristundabyggðar F-4.

Tillagan var auglýst frá **20.júní -1.ágúst 2019**. Umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar liggja fyrir. Athugasemdir frá sumarhúsaeigendum bárust á athugasemdatíma. Greinargerð og skipulagsupprættur hefur verið uppfærður. Umsagnir og athugasemdir bárust frá eftirfarandi fagaðilum og sumarhúsaeigendum við Hæðargarðsvatn:

- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin

YB
SRI KAY ADD



- Sigurlaug J Sigurðardóttir og Guðni Olgeirsson, eigendur sumarhúss við Hæðargarðsvatn
 - Æsa Sigurjónsdóttir, eigandi sumarhúss við Hæðargarðsvatn
 - Hildur Guðmundsdóttur og Hákon Jón Kristmundsson, eigendur sumarhúss við Hæðargarðsvatn
 - Ketill Sigurjónsson, eigandi sumarhúss við Hæðargarðsvatn
 - Kristleifur Einarsson, Guðjón Kritsleifsson, Helga Kristleifsdóttir og Einar Kristleifsson, eigendur sumarhúsa við Hæðargarðsvatn
 - Helgi Gunnarsson og Sigríður Gunnarsdóttir, eigendur sumarhúss við Hæðargarðsvatn
- *Sjá viðhrögð við athugasemdum i 151. fundargerð skipulagsnefndar.*

„Brugðist hefur verið við innsendum umsögnum og athugasemdum og leggur skipulagsnefnd til að aðalskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun til yfirferðar og samþykktar.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

4. 1910003 Hæðargarður – Breyting á Dsk frístundabyggðar.

Magnús Þorfinnsson kt. 191238-2509 óskar eftir breytingu á dsk frístundabyggðar skv. meðfylgjandi uppdrætti.

„Skipulagsnefnd leggur til að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

5. 1901004 – Þéttung byggðar á Kirkjubæjarklaustri

Um er að ræða Ask breytingu vegna reits **Íb2** og Dsk tillögur fyrir Presttún og Læknisreit. Fyrir liggja umsagnir VÍ, UST, MÍ, HSL og Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu tillagna að uppfylltum ábendingum sem fram koma í umsögn stofnunarinnar.

„Brugðist hefur verið við athugasemdum umsagnaraðila og Skipulagsstofnunar. Leggur skipulagsnefnd til að Ask breytingin og deiliskipulagstillögurnar verði auglýstar að nýju.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

6. 1904001 – Endurskoðun aðalskipulag 2020-2032 – Lýsing til umsagnar.

Fyrir fundi liggur lýsing til umsagnar vegna endurskoðunar aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032. Sjá nánar meðfylgjandi gögn.

„Skipulagsnefnd tekur undir með vinnuhóp vegna endurskoðunar aðalskipulags að lýsingin verði send á allar nefndir sveitarfélagsins til umfjöllunar áður en óskað verður heimildar til auglýsingar hjá Skipulagsstofnun.“

*yes
SvK
ASL*



Skaftárhreppur

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar veitir nefndum sveitarfélagsins frest til 5. desember nk. til að skila inn umsögnum um lýsinguna. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að senda lýsinguna á nefndirnar.

7. 1910002 – Ytra-Hraun - Stöðuleyfisumsókn

Sigurður Arnarsson kt. 290162-5649 sækir um stöðuleyfi fyrir íbúðagám skv. meðf. gögnum í landi Ytra-Hrauns. Samþykki landeigenda liggur fyrir.

„Skipulagsnefnd hafnar erindinu í ljósi þess að um byggingarleyfisskylda framkvæmd er að ræða.,,

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

8. 1909001 – Prestbakki – Byggingarleyfisumsókn fyrir rofahúsi.

Rarik kt. 520269-2669 sækir um byggingarleyfi fyrir 37,4 m² rofahúsi inna girðingar á athafnalóð fyrirtækisins að Prestbakka á Síðu skv. meðf. gögnum.

„Skipulagsnefnd óskar eftir að deliskipulag verði lagt fram til samþykktar áður en byggingarleyfisumsókn verður tekin fyrir til afgreiðslu.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

13. Erindi Guðmundar Gíslasonar sumarhúsaeiganda við Hæðargarðsvatn.

Umsækjandi óskar eftir heimild að leigja út sumarhús sín við Hæðargarðsvatn til lengri tíma skv. meðf. gögnum.

„Skipulagsnefnd visar erindinu til vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags. „

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Sveitarstjórn telur mikilvægt að mótuð verði stefna um hvort heimila eigi útleigu sumarhúsa í fristundabyggð sem liggja muni fyrir í nýju aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

3. 1809005 Fundargerð 86. fundar menningarmálanefndar 26.09.2019

1. Fjárhagsáætlun. Lagt til að framlag til Uppsakeru- og þakkarhátiðar verði hækkað úr 500 í 600 þús., annað standi í sömu upphæð.

Sveitarstjórn visar málinu til umræðu um fjárhagsáætlun.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

4. 1809005 Fundargerð 87. fundur menningarmálanefndar, dags. 22.10.2019

1. Uppsakeru- og þakkarhátið 7. – 9. nóv 2019. Dagskrá og umræða um hvernig hátiðin á að fara fram. Þetta er tiunda Uppsakeru- og þakkarhátið Skaftárhrepps. Allur ágóði af viðburðum



á Uppskeru- og þakkarhátiðinni að þessu sinni rennur til söfnunar Björgunarsveitinni Kyndils á Kirkjubæjklaustri til kaupa á nýjum björgunarsveitarbíl.

Sveitarstjórn samþykkir að leggja krónu á móti hverri krónu sem safnast á Uppskeru- og þakkarhátiðinni allt að 1 milljón króna. Sveitarstjóra falið að útbúa viðauka vegna málsins.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

5. 1809013 Fundargerð 74. fundar íþróttá- og tómstundanefndar, dags. 26.09.2019

1. Fjárhagsáætlun – sjá lista í fundargerð nefndarinnar

Sveitarstjórn visar málínu til umræðu um fjárhagsáætlun.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

6. Fundargerð 104. fundar héraðsnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags.

17.10.2019

1807012 3. Fjallskilasamþykkt Vestur-Skaftafellssýslu

Héraðsnefnd samþykkir að fela formanni að breyta 3. grein þannig að aðeins ein fjallskilanefnd starfi fyrir Hörgslandsdeild. Héraðsnefnd samþykkir að vísa fjallskilasamþykktinni í framhaldinu til sveitarstjórnna Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps til samþykktar.

Fjallskilasamþykkt Vestur-Skaftafellssýslu er nú til síðari umræðu í sveitarstjórn Skaftárhrepps. Sveitarstjórn staðestir samþykktina fyrir sitt leyti. Héraðsnefnd falið að senda samþykktina til staðfestingar ráðuneytis.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1910008 Styrkbeiðni frá félagi eldriborgara í Skaftárhreppi, dags. 11.10.2019

Félag eldri borgara óskar eftir styrk að upphæð 200 þús. vegna ferðar eldri borgara árið 2020. Sveitarstjórn þakkar erindið og vísa því til umræðu um fjárhagsáætlun.

2. 1910009 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Gunnars Vignis Sveinssonar um rekstrarleyfi að Flögu 1, fnr. 218-9206, mhl. 160101, í flokki II, minna gistiheimili.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 11.10.2019

EBH, KG, JBJ og AH gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá við afgreiðslu málsins vegna aðkomu sinnar á síðari stigum sem slökkviliðsstjóri.

3. 1910010 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Fosslagna ehf. um rekstrarleyfi í Hamrafoss fnr. 218-9331 í flokki II, minna gistiheimili. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 30.09.2019

EBH, KG, JBJ og AH gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá við afgreiðslu málsins vegna aðkomu sinnar á síðari stigum sem slökkviliðsstjóri.

4. 1910011 Minningargarðar. Tré lífsins, dags. 20.09.2019

Sveitarstjórn þakkar erindið en getur ekki stutt verkefnið að þessu sinni.

5. 1910012 Um fjárbeiðni Stígamóta fyrir árið 2020. Stígamót, dags. 10.10.2019

*Ski KG
fjárh
JES*



Skaftárhreppur

Sveitarstjórn þakkar erindið en getur ekki stutt verkefnið að þessu sinni.

6. 1810007 Viðauki 6 við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2019

Sveitarstjóri gerir tillögu að eftirfarandi viðauka við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2019;

- *Viðbót við tekjur vegna eftirálagningar útsvars 2019 hækka um 34.566 þús.kr*
- *Útgaldajöfnunarframlag vegna 2019 hækkar um 2.617 þús.kr*

Eftirfarandi liðir færast frá því að vera áður áætlað sem gjaldfært viðhald yfir í fjárfestingu;

Áður áætluð gjaldfærsla 2019		
3150-4990	Gatnakerfi	4.000.000
3115-2990	Kæribær	1.500.000
31358-2990/31358-4990	Gámasvæði	1.500.000
6111-4960	Lagf. Rotþr.	3.000.000
		Samtals 10.000.000

Færist á fjárfestingu 2019		
3250-11490	Gangst.	1.500.000
3250-11470	Kæribær	1.500.000
3250-11470	Gámasvæði	4.500.000
3250-11470	Gatnakerfi	2.500.000
		Samtals 10.000.000

- *Viðbót við fjárfestingu vegna lyftuframkvæmda 2.000 þús.kr*
- *Tekjur vegna skipulags- og byggingarmála lækka úr 5.054 þús.kr í 2.500 þús.kr. Kostnaður vegna aðalskipulags hækkar úr 4.096 þús.kr. í 8.500 þús.kr. Kostnaður vegna deiliskipulags hækkar úr 1.081 þús.kr. í 4.500 þús.kr. Samtals aukning á rekstrargjöldum málaflokks skipulags- og byggingarmála 10.377 þús.kr.*
- *Liðurinn ýmsir styrkir vegna menningarmála 0589-9991 vegna söfnunar á uppskeruhátið hækkar úr 500 þús.kr í 1.000 þús.kr í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar vegna 87. fundargerðar menningarmálanefndar.*
- *Sala á Klausturvegi 15 freastast til ársins 2020 var áætlað 20.000 þús.kr 2019*

Rekstrartekjur A-hluta hækka um 37.306 þús.kr

Rekstrargjöld B-hluta lækka um 3.000 þús.kr

Samtals jákvæð áhrif á niðurstöðu samstæðunnar verða 40.306 þús.kr

Fjárfesting eykst um 12.000 þús.kr og verður 145.512 þús.kr

Handbært fé samstæðu í árslok 54.949 þús.kr

Viðauki er fjármagnaður með handbæru fé sem hækkar vegna ofangreindra viðbóartekna.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann.

7. 1910013 Fjárhagsáætlun 2020-2023 – fyrri umræða

Sveitarstjóri fer yfir greinargerð með fyrri umræðu. Við fyrri umræðu hefur verið tekið tillit til beiðna frá forstöðumönnum og nefndum sveitarfelagsins ásamt tillögum sem komu fram á ibúafundi. Sveitarstjórn vill þakka ibúum fyrir allar þær góðu ábendingar sem

sin A JH



Skaftárhreppur

fram komu á ibúafundinum 16. október sl. Rekstrarniðurstaða 2020 gerir ráð fyrir 58.692 þús.kr. í afang. Rekstraráætlun 2021-2023 er gerð á föstu verðlagi. Fjárfestingar ársins 2020 verða 103.240 þús.kr. sem fjármagnaðar verða með handbæru fé ásamt söluhagnaði á Klausturvegi 15 og lántöku að upphæð 20.000 þús.kr. Fjárfesting 2021 er áætluð 343.100 þús.kr. vegna uppbyggingar á verkgreinaðstöðu fyrir skólann og átaks i fráveitumálum. Stærsti hluti þeirrar uppbyggingar verður fjármögnuð með lántöku og áætlaður rekstrarafgangur þess árs verður 16.983 þús.kr. Fjárfestingar 2022 verða 115.915 þús.kr. sem er að stærstum hluta endurnýjun fráveitu á Kirkjubæjarklaustri sem verður fjármögnuð með handbæru fé og lántöku að upphæð 50.000 þús.kr. Árið 2023 er fjárfesting áætluð 51.950 þús.kr að stærstum hluta uppbygging Laugarvegar eða 35.000 þús.kr og er áætluð lántaka vegna fjárfestingar 25.000 þús.kr. en önnur fjárfesting verður fjármögnuð með handbæru fé.

Fjárhagsáætlun 2020-2023 visað til síðari umræðu.

8. 1903011 Svæðisáætlun Suðurhálendis. Starfshópur á vegum SASS, dags. 09.09.2019
Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt i gerð svæðisskipulags Suðurhálendis og tilnefnir Jónu Björk Jónsdóttur og Jón Hrafn Karlsson í starfshópinn fyrir sina hönd og Bjarka Guðnason og Berg Guðnason til vara.
9. 1910014 Mat á sameiningu sveitarfélaga. Erindi frá oddvita Mýrdalshrepps, dags. 18.10.2019
Fyrir fundimum liggur tillaga frá oddvita Mýrdalshrepps að hafnar verði viðræður um kosti og galla sameiningar sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps. Sé vilji til þess hjá sveitarstjórn Skaftárhrepps þarf að skipa þrjá fulltrúa i verkefnishóp til að vinna málid áfram. Í erindi oddvita Mýrdalshrepps kemur jafnframt fram að sótt verði um framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélala til að standa straum af kostnaði við matsgerð. Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar erindið. Sveitarstjórn samþykkir að hefja óformlegar viðræður við ofangreind sveitarfélög og tilnefnir sveitarstjóra, oddvita og Arndísi Harðardóttur í verkefnishóp fyrir sina hönd.
10. 1910015 Tilnefning í svæðisráð vestursvæðis í Vatnajökulsþjóðgarði. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, dags. 10.10.2019
Sveitarstjórn Skaftárhrepps tilnefnir Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra sem aðalmann og Bjarka Guðnason til vara sem fulltrúa sveitarfélagsins í svæðisráð vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs.
11. 1701015 Áfangastaður í Eldhrauni – umsjón. Katla jarðvangur, dags. 07.10.2019
Umhverfisstofnun hefur boðið fram krafa sina vegna uppbyggingar áfangastaðar í Eldhrauni sem er á landsáætlun stjórnvalda um uppbyggingu innviða. Umhverfisstofnun er einnig með umsjón með Álfaversgigum sem einnig eru á landsáætlun. Sveitarstjórn óskar eftir fundi með fulltrúum Umhverfisstofnumar og Köllu jarðvangs vegna málsins.
12. 1910016 Aðalfundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu – fulltrúi
Aðalfundur Félags- og skólaþjónustunnar var haldinn 22. október sl. á Hellu. Fulltrúi Skaftárhrepps á fundinum var Eva Björk Harðardóttir.
13. 1910017 Aðalfundur Bergrisans bs. – fulltrúi



Skaftárhreppur

Aðalfundur Bergrisans bs. var haldinn á Selfossi þann 23. október sl. Fulltrúi Skaftárhrepps á fundinum var Eva Björk Harðardóttir.

Katrín Gunnarsdóttir yfirgefur fund og í hennar stað kemur Sveinn H. Jensson 3. varamaður D-lista.

14. 1910018 Lausn frá nefndarsetu. Einar Bárðarson, dags. 25.09.2019

Einar Bárðarson óskar eftir lausn frá nefndarsetu vegna flutnings úr sveitarfélagini. Sveitarstjórn þakkar Einari störf hans í þágu sveitarfélagsins. Jón Hrafn Karlsson verður aðalmaður D-lista í fræðslunefnd og verður Arnfriður Jóhannesdóttir 2. varamaður D-lista. Í rekstrarnefnd Klausturhóla tekur Auðbjörg Bjarnadóttir sæti aðalamanns D-lista í nefndinni og 2. varamaður D-lista verður Ólafur Björnsson.

15. 1910019 Lausn frá setu í fræðslunefnd. Davíð Andri Agnarsson, dags. 28.10.2019

Davíð Andri Agnarsson hefur óskað eftir lausn frá setu í fræðslunefnd af persónulegum ástæðum. Sveitarstjórn þakkar Davíð Andra framlag hans til fræðslumála. Anna Magdalena Buda tekur sæti aðalamanns D-lista í fræðslunefnd í hans stað og Ragnheiður Hlin Simonardóttir kemur inn sem 3. varamaður D-lista.

Z-listi óskar bókunar;

Við lýsum furðu okkar á því að ekki hafi verið haldinn fundur í fræðslunefnd síðan 29. ágúst og höfum miklar áhyggjur af starfsemi í Kirkjubæjarskóla.

Katrín Gunnarsdóttir kemur aftur til fundarins. Eva Björk Harðardóttir víkur af fundi og Bjarki Guðnason tekur við stjórn hans.

16. 1910020 Björgum Kirkjubæjarskóla. Guðmundur Óli Sigurgeirsson, dags. 17.10.2019

Fyrir fundinum liggar erindi frá Guðmundi Óla varðandi hugmyndir í tengslum við Kirkjubæjarskóla, staðsetningu þekkingarseturs og tónlistarskóla Skaftárhrepps. Sveitarstjórn þakkar Guðmundi Óla sýndan áhuga og gott innlegg og visar erindinu áfram til síðari umræðu um fjárhagsáætlun.

17. 1910004 Skortur á leighúsnaði í Skaftárhreppi

Hörður Davíðsson kynnti fyrir sveitarstjórn hugmyndir um leighúsnaði sem bráðabirgða lausn við þeim húsnæðisvanda sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir. Sveitarstjórn þakkar sýndan áhuga á mállefnum og felur atvinnumálanefnd ásamt atvinnufulltrúa að kanna þörf og áhuga á sliku húsnæði og mögulega aðkomu sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans. Sveinn H. Jensson víkur af fundi.

18. 1910021 Eldvilji ehf. – fyrirkomulag

Fyrir fundinum liggar minnisblað sveitarstjóra um hugmyndir um rekstrarform og leiðir til uppbyggingar þekkingarseturs í heimavistarálmu Kirkjubæjarskóla. Vinna við viðskiptaáætlun með fjármögnumar- og kostnaðargreiningu er langt komin. Skaftárhreppur á 40% hlut í Eldvilja ehf. sem í dag hýsir starfsemi Kirkjubæjarstofu. Meðeigendur sveitarfélagsins í Eldvilja eru Skerjavellir ehf. 40% og Kirkjubæjarstofa ses 20%. Sveitarstjóri óskar eftir heimild sveitarstjórnar til að fara í formlegt samtal við stjórnir Kirkjubæjarstofu og Skerjavalla um að Eldvilji leysi til sín hlut Skerjavalla í félaginu samhliða því sem Skerjavellir keyptu fasteignina Klausturveg 2 út úr félagini.



Skaftárhreppur

Eldvilji yrði þá áfram fasteignafélag en í 75% eigu Skaftárhrepps og 25% eigu Kirkjubæjarstofu með fjármagn sem nýtist til upphyringarinnar á nýju þekkingarsætri.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu og veitir sveitarstjóra heimild til að vinna málid áfram með stjórnunum Kirkjubæjarstofu og Skerjavalla.

- 19. 1910022** Tónlistarnám utan lögheimilissveitarfélags fyrir skólaárið 2019-2020. Fanney Ólöf Lárusdóttir, dags. 29.10.2019
Sveitarstjórn samþykkir beiðnina og felur sveitarstjóra að ljúka málinu.
- 20. 1910023** Snjómokstur á Kirkjubæjarklaustri
Samningur um snjómokstur á Kirkjubæjarklaustri rann út í vor. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að gera verökönnun um snjómokstur í þétþbýli.

III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 124. fundar rekstrarnefndar Hjúkrunarheimilisins Klausturhóla, dags. 10.10.2019. *Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð 4. fundar Skógasafns, dags. 08.08. 2019. *Fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð 9. fundar stjórnar Bergrisans bs., dags. 07.10.2019. *Fundargerð kynnt.*
4. Fundargerð 10. fundar stjórnar Bergrisans bs. dags. 22.10.2019. *Fundargerð kynnt.*
5. Fundargerð 199. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 25.09.2019. *Kynnt.*
6. Fundargerð 69. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs., dags. 12.09.2019. *Fundargerð kynnt.*
7. Fundargerð 70. fundar Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs., dags. 23.09.2019. *Fundargerð kynnt.*
8. Fundargerð 549. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, dags. 27.09.2019. *Fundargerð kynnt.*
9. Fundargerð 873. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30.08.2019. *Fundargerð kynnt.*
10. Fundargerð 874. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27.09.2019. *Fundargerð kynnt.*
11. Fundargerð fundar forstöðumanna/héraðsskjalavarða Héraðsskjalasafns Árnesinga, Héraðsskjalasafns Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga og Héraðsskjalasafns Vestmannaeyja, dags. 25.09.2019. *Fundargerð kynnt.*
12. Fundargerð 2. upplýsingafundar atvinnu- og kynningarfulltrúa, dags. 12.08.2019. *Fundargerð kynnt.*
13. Fundargerð 3. upplýsingafundar atvinnu- og kynningarfulltrúa, dags. 10.09.2019. *Fundargerð kynnt.*
14. Fundargerð aðalfundar Vottunarstofunnar Túns ehf., dags. 27.08.2019. *Fundargerð kynnt.*
15. Fundargerðir 43. – 48. funda stjórnar Kötlu jarðvangs. *Fundargerð kynnt.*
16. Fundargerð 101. fundar héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 16.07.2018. *Fundargerð kynnt.*
17. Fundargerð 102. fundar héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 05.06.2019. *Fundargerð kynnt.*
18. Fundargerð 103. fundar héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 04.09.2019. *Fundargerð kynnt.*
19. Fundargerð héraðsnefnda Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 17.10.2019. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefní

1. Leiðrétt fasteignamat 2020 fyrir fjölbýli. Þjóðskrá Íslands, dags. 30.09.2019. *Kynnt.*




Skaftárhreppur

2. Ágoðahlutagreiðsla 2019. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, dags. 08.10.2019. *Kynnt.*
3. 1902019 Reglubundið eftirlit með urðunarstað Skaftárhrepps. Umhverfisstofnun, dags. 15.10.2019. *Kynnt.*
4. Jafnlaunavottun. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 03.09.2019. *Kynnt.*
5. Staðgreiðsluáætlun 2019-2020. Samband íslenskra sveitarfélaga. *Kynnt.*
6. Tvöföld skólavist, leiðbeinandi álit. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 01.10.2019. *Kynnt.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 14. nóvember 2019

Fundi slitið kl. 16:00


Eva Björk Harðardóttir

Katrín Gunnarsdóttir


Bjarki Guðnason

Jóna Björk Jónsdóttir


Arndís Harðardóttir


Sveinn H. Jensson